

Skipulagsstofnun
Jón Þórir Þorvaldsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 2. október 2018
UST201809-178/B.S.
10.05.08

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Virkjun í Þverá. Tillaga að matsáætlun. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 10. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Skipulagsstofnun hefur samþykkt tillögu að matsáætlun þó svo að nánast engin gögn liggi fyrir um náttúrufar á þeirri forsendu m.a. „Með því að vinna fyrst tillögu að matsáætlun geta rannsóknir orðið markvissari og mat á áhrifum framkvæmdarinnar eins vandað og frekast er unnt.“ (Greinargerð bls. 2).

Umhverfisstofnun telur varla raunhæft að ætla á haustdögum 2018 að gera athugasemdir sem geta stuðlað að því að rannsóknir sem fram fóru sumarið 2018 verði á einhvern hátt markvissari.


Vart er unnt að gera athugasemdir varðandi gagnaöflun eða hvernig til standi að vinna úr þeim þar sem ekkert slíkt liggur fyrir. Hins vegar er gerð góð grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem fyrir áhrifum geta orðið vegna fyrirhugaðarar framkvæmdar.


Umhverfisstofnun telur að varðandi valkosti eigi að leggja sérstaka áherslu á að velja þann framkvæmdakost sem skerðir ekki tilkomumikil gljúfur í Þverá.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda tillögu en bendir á að hætta sé á því að umfjöllum um umrædda framkvæmd gæti hugsanlega ekki orðið eins ítarleg og æskilegt væri þar sem athugasemdir sem byggja á gögnum munu einungis verða gerðar við frummatsskýrslu.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri